

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 15. október 1990****um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum****(90/539/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Lifandi alifuglar og útungunaregg sem búfjárafurðir eru í vöruskránni í II. viðauka við sáttmálann.

Til að tryggja skynsamlega þróun í alifuglaframleiðslu og auka framleiðni á því sviði ber að setja ákveðnar dýraheilbrigðisreglur um viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.

Alifuglaeldi heyrir undir landbúnað. Hér er um að ræða tekjulind fyrir hluta þeirra sem stunda landbúnað.

Eyða ber misræmi í dýraheilbrigðisákvæðum milli aðildarríkjanna svo efla megi viðskipti með alifugla og útungunaregg og stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 89, 10. 4. 1989, bls. 1.⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 260, 15. 10. 1990.⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 194, 31. 7. 1989, bls. 11.

Til að efla samræmda þróun í viðskiptum innan bandalagsins ber að koma á bandalagskerfi sem tekur til innflutnings frá þriðju löndum.

Ákvæði þessarar tilskipunar ættu, sem meginregla, ekki að gilda um sérstök viðskipti í tengslum við t.d. vörusýningar, skemmtisýningar og keppni.

Þessi tilskipun ætti að gilda um viðskipti með kornhænur, dúfur, endur, fashana og akurhænsn sem alin eru til ræktunar eða neyslu.

Með hliðsjón af eðli nútímaalifuglabúskapar er besta leiðin til að efla samræmda þróun í viðskiptum innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg fólgin í eftirliti með framleiðslustöðvunum.

Lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum skal falið að viðurkenna starfsstöðvar sem uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar og skulu þau sjá til þess að farið sé að þessum skilyrðum.

Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2782/75 frá 29. október 1975 um framleiðslu og markaðssetningu á eggjum til útungunar og alifuglakjúklingum ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 3987/87 ⁽⁵⁾, er kveðið á um úthlutun sérstaks skráningarnúmers til hvernar framleiðslustöðvar og merkingu útungunareggja. Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1868/77 ⁽⁶⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1351/87 ⁽⁷⁾, er mælt fyrir um nákvæmar reglur um⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 282, 1. 11. 1975, bls. 100.⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. L 376, 31. 12. 1987, bls. 20.⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 209, 17. 8. 1977, bls. 1.⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 127, 16. 5. 1987, bls. 18.

beitingu reglugerðarinnar. Vegna beitingar þessarar tilskipunar ber í hagkvæmnisskyni að samþykkja sömu viðmiðanir vegna auðkenningar á framleiðslustöðvum og merkingar á útungunareggjum.

Til að unnt sé að stunda viðskipti með alifugla og útungunaregg innan bandalagsins verða þau að fullnægja tilteknum kröfum um dýraheilbrigði svo koma megi í veg fyrir smit-sjúkdóma.

Þó er rétt að fresta því að setja eftirlitsreglur til að berjast gegn fuglainflúensu og Newcastle-veiki.

Af sömu ástæðum ber að setja flutningsskilyrði.

Setja ber ákvæði sem heimila framkvæmdastjórninni að samþykkja ákveðnar viðbótarkröfur í ljósi þeirra framfara sem hafa orðið í aðildarríki við útrýmingu á tilteknum alifuglasjúkdómum, að því tilskildu að þessar kröfur séu ekki viðtækari en þær sem beitt er innanlands í viðkomandi aðildarríki. Með hliðsjón af þessu kann að vera æskilegt að ákvarða viðurkenningu aðildarríkis eða svæðis vegna ákveðinna sjúkdóma sem gætu haft áhrif á alifugla.

Þrátt fyrir að ekki sé unnt, af hagkvæmnisástæðum, að láta allar kröfur bandalagsins gilda um viðskipti með lítið magn af vörum, verður að fara að tilteknum grundvallarreglum.

Til að tryggja að þessum kröfum sé fullnægt verður að kveða á um útgáfu heilbrigðisvottorðs sem opinber dýralæknir gefur út og skal það fylgja alifuglunum og útungunareggjunum til viðtökustaðar.

Vegna skipulagningar og framkvæmdar eftirlits af hálfu viðtökuaðildarríkisins og fyrirhugaðra verndarráðstafana ber að hafa hliðsjón af almennu reglunum sem settar eru í tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um heilbrigðis-eftirlit í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin lifandi dýr og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾.

Gera skal ráð fyrir eftirliti af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í samvinnu við lögbær yfirvöld aðildarríkjanna.

Þegar bandalagsákvæði eru sett um innflutning frá þriðju löndum verður að gera skrá yfir þriðju lönd, eða landshluta þeirra, sem heimilt er að flytja inn alifugla og útungunaregg frá.

Löndin skulu valin á grundvelli almennra viðmiðana, eins og heilbrigðisástandi alifuglanna og annars búpenings, upp-

byggingu og valdsviði dýraheilbrigðisþjónustunnar og gildandi heilbrigðislögum.

Þá skal óheimilt að flytja inn alifugla og útungunaregg frá löndum þar sem fyrir eru smitandi alifuglasjúkdómar er kunna að stofna búpeningi bandalagsins í hættu, eða frá löndum sem hafa verið laus við smitandi dýrasjúkdóma í of skamman tíma.

Við almennu skilmálana um innflutning frá þriðju löndum skal bæta sérstökum skilyrðum sem sett eru á grundvelli heilbrigðisáðstæðna í hverju landi. Vegna þess hve viðmiðanir sem leggja skal til grundvallar þessum sérstöku skilyrðum eru tæknilegar og margbreytilegar verður að leita til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði til að skilgreina þær.

Árangursrík leið til að ganga úr skugga um að reglum bandalagsins sé beitt felst í framvísun vottorðs, að staðlaðri fyrirmynd, við innflutning alifugla og útungunareggja. Þessar reglur mega taka til sérákvæða sem geta verið mismunandi eftir því hvaða þriðja land á í hlut. Við gerð fyrirmyndanna að vottorðunum skal taka mið af þessu.

Opinber dýralæknir bandalagsins skal hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar í þriðju löndum.

Eftirlit með innflutningi verður taka til uppruna og heilbrigðisástands alifuglanna og útungunareggjanna.

Þegar farið er með alifugla og útungunaregg inn á yfirráðasvæði bandalagsins og í umflutningi til viðtökustaðar skal aðildarríkjunum heimilt að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, meðal annars slátra dýrunum eða farga, til að vernda heilbrigði manna og dýra.

Reglur og almenn grundvallarákvæði um eftirlit með alifuglum og útungunareggjum skal ákveða síðar og teljast til þeirra ráðstafana sem gerðar verða til að koma hinum innri markaði á.

Aðildarríkin skulu eiga rétt á að setja tafarlaust bann á innflutning frá þriðja landi ef slíkur innflutningur kann að stofna heilbrigði manna og dýra í hættu. Í slíku tilviki skulu aðildarríkin samræma afstöðu sína þegar í stað gagnvart þriðja landinu, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar á skránni yfir þau lönd sem hafa útflutningsleyfi til bandalagsins.

Stöðug tækniþróun í alifuglaeldi merkir að breyta verður reglulega aðferðum við eftirlit með alifuglasjúkdómum.

Endurskoða skal ákvæði þessarar tilskipunar í tengslum við tilkomu hins innri markaðar;

Ákveða ber málsmeðferð sem felur í sér nána og árangursríka samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í fastanefndinni um dýraheilbrigði.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

1. Í þessari tilskipun eru sett skilyrði um dýraheilbrigði sem gilda um viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum með alifugla og útungunaregg.

2. Tilskipunin gildir ekki um alifuglavörusýningar, -skemmtisýningar eða -keppni.

2. gr.

Í þessari tilskipun er með „opinberum dýralækni“ og „þriðja landi“ átt við opinberan dýralækni og þriðja land sem um getur í tilskipun 72/462/EBE.

Auk þess er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „alifuglar“: hænsn, kalkúnar, perluhænsn, endur, gæsir, kornhænsn, dúfur, fashanar og akurhænsn sem alin eru eða haldin til ræktunar, kjöt- og eggjaframleiðslu eða til endurnýjunar á veiðidýrum;
2. „útungunaregg“: egg til klaks sem alifuglar, samanber 1. lið, verpa;
3. „dagsgamlir kjúklingar“: alifuglar yngri en 72 klukkustunda sem hafa ekki verið fóðraðir; þó er heimilt að fóðra barbarí-endur;
4. „alifuglar til ræktunar“: 72 klukkustunda gamlir alifuglar eða eldri sem ætlaðir eru til framleiðslu á útungunareggjum;
5. „alifuglar til framleiðslu“: 72 klukkustunda gamlir alifuglar eða eldri sem aldir eru til framleiðslu á kjöti og/eða eggjum til neyslu (eða til endurnýjunar á veiðidýrum);
6. „alifuglar til slátrunar“: alifuglar sem eru sendir beint í slátruhús til slátrunar eins fljótt og unnt er eftir komu og aldrei síðar en innan 72 klukkustunda;
7. „hópur“: alifuglar í sama heilbrigðis- og ónæmisástandi sem eru aldir upp á sama athafnasvæði eða við sömu aðstæður og mynda eina dýraræktarheild;
8. „bújörð“: athafnasvæði — má vera starfsstöð — notað til að ala eða halda alifugla til ræktunar eða framleiðslu;
9. „starfsstöð“: athafnasvæði eða hluti athafnasvæðis sem er á einum og sama stað og þar sem eftirfarandi starfsstöðvar eru:
 - a) starfsstöð til hreinræktunar: starfsstöð sem framleiðir útungunaregg til framleiðslu á alifuglum til ræktunar;
 - b) ræktunarstarfsstöð: starfsstöð sem framleiðir útungunaregg til framleiðslu á framleiðslualifuglum;
 - c) eldisstöð: starfsstöð þar sem alifuglar eru aldir þar til þeir fara að verpa;
 - d) klakstöð: starfsstöð sem klekur og ungar út eggjum og sér fyrir dagsgömlum kjúklingum;
10. „opinber dýralæknir“: dýralæknir sem leitað er til af lögbæru dýraheilbrigðisyfirvaldi og á þess ábyrgð, til að annast eftirlitið sem kveðið er á um í þessari tilskipun með tiltekinni starfsstöð;
11. „viðurkennd rannsóknarstofa“: rannsóknarstofa á yfirráðasvæði aðildarríkis, viðurkennd af lögbæru dýraheilbrigðisyfirvaldi og á þess ábyrgð, til að framkvæma þau greiningarpróf sem kveðið er á um í þessari tilskipun;
12. „heilbrigðisskoðun“: vitjun opinbers dýralæknis eða viðurkennds dýralæknis til að fylgjast með heilbrigði alifugla í starfsstöð;
13. „tilkynningarskyldir sjúkdómar“: sjúkdómar sem taldir eru upp í V. viðauka;
14. „uppkomustaður“: staður eins og hann er skilgreindur í tilskipun 82/894/EBE;
15. „sýkt svæði“: að því er varðar sjúkdómana sem taldir eru upp í V. viðauka, annaðhvort svæði sem er nákvæmlega skilgreint svæði, eftir því hvert faraldursfræðilegt umhverfi sýkta svæðisins er eða vermdarsvæði með minnst 3 km radíus kringum sýkta svæðið og innan eftirlitssvæðis með að minnsta kosti 10 kílómetra radíus;
16. „sóttkví“: athafnasvæði þar sem alifuglum er haldið í algerri einangrun og þannig að þeir komast hvorki beint né óbeint í snertingu við aðra alifugla svo unnt sé að hafa eftirlit með þeim í langan tíma og gera próf á vegna þeirra sjúkdóma sem eru taldir upp í V. viðauka;
17. „heilbrigðisslátrun“: förgun, með fyrirvara um allar nauðsynlegar heilbrigðisráðstafanir, meðal annars sótt-hreinsun, allra alifugla og afurða á uppkomustaðnum sem eru sýktar eða grunur leikur á að séu smitaðar.

II. KAFLI

Reglur um viðskipti innan bandalagsins

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. júlí 1991 áætlun um innlendar ráðstafanir sem þau

hafa í hyggju að koma til framkvæmda svo tryggt sé að farið verði að reglunum í II. viðauka að því er varðar viðurkenningu á starfsstöðvum vegna viðskipta innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.

2. Framkvæmdastjórnin skal athuga áætlanirnar. Heimilt er að samþykkja þær í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. eða breyta þeim eða bæta við þær áður en samþykki er veitt.

3. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. geta breytingar eða viðbætur við áætlun sem hefur verið samþykkt í samræmi við umrædda málsgrein verið:

- samþykktar að beiðni viðkomandi aðildarríkis svo að unnt sé að taka mið af breytingu á aðstæðum í því aðildarríki, eða
- nauðsynlegar svo að unnt sé að taka mið af framförum í sjúkdómsvörnum og -eftirliti.

4. gr.

Aðildarríkin skulu tilnefna innlenda tilvísunarrannsóknarstofu til að vera ábyrga fyrir samræmingu á greiningaraðferðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og notkun þeirra í viðurkenndum rannsóknarstofum á yfirráðasvæði sínu. Tilvísunarrannsóknarstofur eru taldar upp í I. viðauka.

5. gr.

Með hliðsjón af viðskiptum innan bandalagsins:

- a) verða útungunaregg, dagsgamlir kjúklingar, alifuglar til ræktunar og framleiðslu að uppfylla skilyrðin í 6., 12., 15. og 17. gr. og einnig þau sem sett eru samkvæmt 13. og 14. gr. eða skilyrði 7., 8. og 9. gr.;
- b) verða alifuglar til slátrunar og, þrátt fyrir a-lið, alifuglar til endurnýjunar á veiðidýrum, að uppfylla skilyrðin í 10., 12., 15. og 17. gr. og þau sem sett eru samkvæmt 13. og 14. gr., þar til skilyrði á sviði dýraheilbrigðis um viðskipti innan bandalagsins og innflutning frá þriðju löndum á nýju alifuglakjöti og villtum fuglum til eldis koma til framkvæmda.

6. gr.

Útungunaregg, dagsgamlir kjúklingar, alifuglar til ræktunar og framleiðslu skulu koma:

1. frá starfsstöðvum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) þær skulu viðurkenndar og hafa sérstakt skráningarnúmer lögbærs yfirvalds í samræmi við reglurnar í I. kafla II. viðauka;
 - b) þær mega ekki sæta dýraheilbrigðistakmörkunum að því er varðar alifugla á sendingardegi,
 - c) þær skulu vera á ósýktu svæði;

2. úr hópi sem við sendingu sýnir engin klínísk sjúkdóms-einkenni eða merki um að hann kunni að vera sýktur.

7. gr.

Við sendingu verða útungunaregg:

1. ef þau koma frá aðildarríki, að uppfylla eftirfarandi kröfur:
 - a) koma úr hópum sem:
 - haldið hefur verið í meira en sex vikur í einni eða fleiri starfsstöðvum bandalagsins eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 6. gr.,
 - ef kröfur eru gerðar um bólusetningu, hafa verið bólusettir í samræmi við skilyrði um bólusetningu í III. viðauka;
 - dýraheilbrigðisrannsókn hefur verið gerð á af opinberum dýralækni eða viðurkenndum dýralækni innan 24 klukkustunda fyrir sendingu og sem við rannsókn sýndi engin klínísk sjúkdómseinkenni eða merki um að þeir kunni að vera sýktir;
 - b) vera merkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1868/77;
 - c) hafa verið sótthreinsuð í samræmi við leiðbeiningar opinbers dýralæknis;
2. ef þau koma frá þriðju löndum, hafa verið flutt inn í samræmi við skilyrði III. kafla.

8. gr.

Dagsgamlir kjúklingar skulu:

- a) klekjast úr útungunareggjum sem fullnægja kröfum 6. og 7. gr.;
- b) uppfylla skilyrði um bólusetningu í III. viðauka, ef gerðar eru kröfur um bólusetningu;
- c) við sendingu vera lausir við öll grunsamleg sjúkdóms-einkenni á grundvelli g- og h-liðar í 2. lið B-þáttar II. kafla í II. viðauka.

9. gr.

Við sendingu skulu alifuglar til ræktunar og framleiðslu:

- a) hafa frá klaki eða lengur en sex vikur verið í einni eða fleiri starfsstöðvum bandalagsins svo sem skilgreint er í a-lið 1. mgr. 6. gr.;
- b) ef kröfur eru gerðar um bólusetningu, uppfylla skilyrðin um bólusetningu í III. viðauka;

- c) hafa verið heilbrigðisskoðaðir af opinberum dýralækni eða viðurkenndum dýralækni á síðustu 24 klukkustundunum fyrir sendingu og sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni eða merki um að þeir kunni að vera sýktir.

10. gr.

Við sendingu skulu alifuglar til slátrunar koma frá bújörðum:

- a) þar sem þeim hefur verið haldið frá klaki eða eigi skemur en þrjár vikur;
- b) sem ekki sæta neinum dýraheilbrigðistakmörkunum varðandi alifugla;
- c) þar sem heilbrigðisskoðun framkvæmd af opinberum eða viðurkenndum dýralækni á síðustu 48 klukkustundunum fyrir sendingu á hópnum sem alifuglarnir eru teknir úr til slátrunar leiðir ekki í ljós nein klínísk sjúkdómseinkenni eða merki um að hópurinn kunni að vera sýktur;
- d) sem eru utan svæðis sem er sýkt af fuglainflúensu eða Newcastle-veiki, sem skilgreint verður með hliðsjón af þeim ráðstöfunum sem samþykktar verða til að ráða niðurlögum þessara sjúkdóma í samræmi við 19. gr.

11. gr.

1. Kröfurnar í 5. til 10. gr. og 15. gr. gilda ekki um viðskipti innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg ef í sendingunni eru færri en 20 stykki.

2. Þó skulu alifuglar og útungunaregg eins og um getur í 1. gr. við sendingu koma úr hópum sem:

- hafa verið í bandalaginu frá klaki eða í að minnsta kosti þrjá mánuði,
- sýna engin klínísk einkenni um smitandi alifuglasjúkdóma við sendingu,
- séu kröfur gerðar um bólusetningu, uppfylla bólusetningarskilyrðin í III. viðauka,
- eru ekki háðir dýraheilbrigðistakmörkunum varðandi alifugla,
- eru utan svæðis sem er sýkt af fuglainflúensu eða Newcastle-veiki, sem skilgreint verður með hliðsjón af þeim ráðstöfunum sem samþykktar verða til að ráða niðurlögum þessara sjúkdóma í samræmi við 19. gr.,
- hafa sýnt neikvæða svörun við sermiprófum vegna *Salmonella pullorum et gallinarum* mótefna í samræmi við III. kafla í II. viðauka.

12. gr.

1. Þegar um er að ræða sendingu á alifuglum og útungunareggjum frá aðildarríkjum eða svæðum aðildarríkjanna þar sem alifuglarnir sem um getur í 1. gr. eru bólusettir gegn

Newcastle-veiki til aðildarríkis eða svæðis innan aðildarríkis þar sem viðurkenning hefur farið fram í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar gildir eftirfarandi:

- a) útungunareggjum skulu koma úr hópum sem eru:

- óbólusettir, eða
- bólusettir með óvirku bóluefni, eða
- bólusettir með lifandi bóluefni, að því tilskildu að bólusetningin fari fram að minnsta kosti 60 dögum fyrir söfnun á útungunareggjum;

- b) dagsgamlir kjúklingar skulu koma:

- úr útungunareggjum sem uppfylla skilyrðin í a-lið,
- frá klakstöð þar sem starfshættir tryggja að klak slíkra eggja fari fram á öðrum tíma og öðrum stað en klak eggja sem ekki uppfylla skilyrðin í a-lið;

- c) alifuglar til ræktunar og framleiðslu:

- mega ekki vera bólusettir gegn Newcastle-veiki, og
- hafa verið í 14 daga einangrun fyrir sendingu, annaðhvort á bújörð eða í sóttkví undir eftirliti opinbers dýralæknis. Með hliðsjón af þessu má enginn fugl á upprunabújörðinni eða í ákveðnu tilviki í sóttkvínni hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki síðasta 21 dag fyrir sendingu og enginn fugl, sem ekki fylgir sendingu, má hafa komið inn á bújörðina eða í sóttkvína á þeim tíma; þá má engin bólusetning hafa verið framkvæmd í sóttkvínni, og

- skulu hafa farið á síðustu 14 dögum fyrir sendingu í gegnum dæmigerð sermipróf í þeim tilgangi að greina mótefni gegn Newcastle-veiki í samræmi við nákvæmar reglur sem samþykktar eru samkvæmt málsmeðferðinni í 32. gr.;

- d) alifuglar til slátrunar skulu koma úr hópum sem:

- hafi þeir ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki, fullnægja kröfunum í þriðja undirlíð c-liðar,
- hafi þeir verið bólusettir, þá hafi þeir ekki verið bólusettir með lifandi bóluefni á undanförunum 30 dögum fyrir sendingu en verið rannsakadur á grundvelli dæmigerðs prófs á síðustu 14 dögum fyrir sendingu til að einangra Newcastle-veikiveiruna í samræmi við nákvæmar reglur sem samþykktar eru í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.

2. Framkvæmdastjórnin ákvarðar viðurkenningu aðildarríkis eða svæðis innan aðildarríkis með hliðsjón af Newcastle-veiki í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. að minnsta kosti sex mánuðum fyrir þann dag sem aðildarríkin verða að fara að þessari tilskipun. Þau atriði sem

taka skal mið af við ákvörðun á viðurkenningu skulu vera þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 14. gr. og einkum eftirfarandi viðmiðanir:

- Newcastle-veiki má ekki hafa greinst í alifuglunum sem um getur í 1. gr. næstliðna 12 mánuði hið skemmsta,
- ekki skal hafa verið heimiluð bólusetning gegn Newcastle-veiki á alifuglunum sem um getur í 1. gr. næstliðna 12 mánuði hið skemmsta,
- allur ræktunarhópurinn skal hafa verið skoðaður að minnsta kosti einu sinni á ári í þeim tilgangi að greina Newcastle-veiki,
- á bújörðunum mega ekki vera neinir alifuglar sem hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki.

3. Endurskoða skal skilyrðin sem um getur í 1. mgr. fyrir 31. desember 1992.

13. gr.

1. Aðildarríki sem hefur gert eða gerir lögboðna eða valfrjálsa innlenda eftirlitsáætlun vegna eins þeirra smitsjúkdóma sem alifuglar eru næmir fyrir er heimilt að leggja áætlunina fyrir framkvæmdastjórnina og tilgreina einkum:

- útbreiðslu sjúkdómsins á yfirráðasvæði sínu,
- rök fyrir áætluninni þar sem tekið er tillit til umfangs sjúkdómsins og áætlaðs ávinnings af henni í samamburði við kostnað,
- landsvæði þar sem áætlunin kemur til framkvæmda,
- hvernig eigi að flokka alifuglabú eftir viðurkenningu, og hvaða staðla alifuglabú í hverjum flokki verði að uppfylla, og hvaða prófunaraðferðir eigi að nota,
- hvers konar eftirlit er haft með áætluninni,
- til hvaða aðgerða skuli gripið ef bújörð missir þá viðurkenningu sem hún hefur, án tillits til ástæðna,
- til hvaða aðgerða skuli gripið verði niðurstöður prófa sem gera á í samræmi við ákvæði áætlunarinnar jákvæðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal rannsaka þær áætlanir sem aðildarríkin leggja fram. Heimilt er að samþykkja þessar áætlanir sem um getur í 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértekur, sem krefjast má vegna viðskipta innan bandalagsins er heimilt að skilgreina í samræmi við sömu málsmeðferð. Slíkar ábyrgðir mega ekki vera víðtækari en þær sem aðildarríkið krefst á eigin yfirráðasvæði.

Þegar um er að ræða áætlanir sem eru lagðar fram fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 1. júlí 1991 skal kveða á um viðurkenningu þeirra og viðbótarviðskiptaábyrgðir fyrir 1. janúar 1992.

3. Breyta má eða bæta við áætlanir sem aðildarríkin leggja fram í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. Samkvæmt sömu málsmeðferð er heimilt að samþykkja breytingar eða viðbætur við áætlanir sem þegar hafa hlotið samþykki eða við ábyrgðir sem hafa verið skilgreindar samkvæmt 2. mgr.

14. gr.

1. Aðildarríki sem telur að yfirráðasvæði sitt eða hluti þess sé ósýkt af einum þeirra sjúkdóma sem alifuglar eru næmir fyrir skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina viðeigandi fylgiskjöl, þar sem einkum koma fram upplýsingar um:

- eðli sjúkdómsins og feril hans í aðildarríkinu,
- niðurstöður eftirlitsprófana sem eru byggðar á sermi-fræðilegum, örverufræðilegum eða meinafræðilegum athugunum og því að skylt er samkvæmt lögum að tilkynna sjúkdóminn til lögbærra yfirvalda,
- lengd eftirlitstímabils,
- þar sem við á, lengd tímabils þegar bólusetning gegn sjúkdóminum hefur verið bönnuð og til hvaða landsvæðis bannið tók,
- með hvaða hætti gengið er úr skugga um að viðkomandi svæði sé laust við sjúkdóminn.

2. Framkvæmdastjórnin skal skoða fylgiskjölin sem aðildarríkin leggja fram. Viðbótarábyrgðir, almennar eða sértekur, sem krefjast má vegna viðskipta innan bandalagsins skal skilgreina í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. Þessar ábyrgðir skulu ekki vera víðtækari en þær sem aðildarríkið krefst á eigin yfirráðasvæði. Ef fylgiskjölin eru lögð fram fyrir 1. júlí 1992 skal kveða á um viðbótarábyrgðir fyrir 1. janúar 1992.

3. Hlutaðeigandi aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingar á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. Breyta má eða fella niður viðbótarábyrgðir samkvæmt 2. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 32. gr., í ljósi slíkrar tilkynningar.

15. gr.

1. Dagsgamla kjúklinga og útungunaregg skal flytja annaðhvort í einnota pakkningum sem hannaðar eru í því skyni eða í pakkningum sem má nota aftur, að því tilskildu að þær séu sótthreinsaðar áður. Slíkar pakkningar skal þrifa og:

- a) mega þær eingöngu innihalda dagsgamla kjúklinga eða útungunaregg af sömu tegund, flokki og alifuglategund frá sömu starfsstöð;
- b) skulu merktar:
 - heiti sendingarlandsins,
 - tegundarheiti alifuglanna sem egginn eða kjúklingarnir heyra til,

- upplýsingum um fjölda kjúklinga eða eggja,
 - upplýsingum um flokk og tegund framleiðslu sem þau eru ætluð til,
 - heiti, fyrirtækjaheiti, heimilisfangi og löggildingarnúmeri framleiðslustöðvarinnar,
 - löggildingarnúmeri upprunastöðvarinnar, eins og kveðið er á um í 2. lið I. kafla II. viðauka,
 - heiti viðtökuaðildarríkisins;
- c) skal lokað í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds svo ekki sé hægt að skipta um innihald.

2. Pakkningar með dagsgömlum kjúklingum eða útungunareggjum má flokka saman til flutnings í þar til gerðum ílátum. Þessi ílát skulu merkt upplýsingum um fjölda pakkninga sem þannig eru flokkaðar ásamt upplýsingunum í b-lið 1. mgr.

3. Flytja skal kjúklinga til ræktunar og framleiðslu í kössum eða búrum:

- sem í eru eingöngu alifuglar af sömu tegund, flokkum og gerð frá sömu starfsstöð,
- sem eru með löggildingarnúmeri upprunastarfsstöðvarinnar eins og kveðið er á um í 2. lið I. kafla II. viðauka,
- sem er lokað í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds svo ekki sé hægt að skipta um innihald.

4. a) Kjúklinga til ræktunar og framleiðslu og dagsgamla kjúklinga skal senda tafarlaust til viðtökustarfsstöðvarinnar, án þess að þeir komist í snertingu við aðra lifandi fugla, fyrir utan alifugla til ræktunar og framleiðslu eða dagsgamla kjúklinga sem uppfylla skilyrðin í þessari tilskipun.
- b) Alifugla til slátrunar skal senda tafarlaust til viðtökuslátruhúss, án þess að þeir komist í snertingu við aðra fugla, fyrir utan alifugla til slátrunar sem uppfylla skilyrðin í þessari tilskipun.

5. Kassa, búr og ökutæki skal hanna þannig að:

- að skítur dreifist ekki úr þeim og draga sem verða má úr fiðurtapi í flutningi,
- auðvelt sé að hafa eftirlit með alifuglunum,
- unnt sé að þrifa þá og sótthreinsa.

6. Ökutæki og ílát, kassa og búr, svo fremi þau séu ekki einnota, skal þrifa og sótthreinsa fyrir ferðingu og affermingu í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki.

16. gr.

Alifugla sem um getur í 4. mgr. 15. gr. er óheimilt flytja um svæði sem sýkt eru af fuglainflúensu eða Newcastle-veiki, nema eftir aðalumferðaræðum eða -járnbrautarleiðum.

17. gr.

Í viðskiptum milli aðildarríkjanna fylgi alifuglum og útungunareggjum heilbrigðisvottorð í flutningi til viðtökustaðar sem:

- er í samræmi við stöðluðu fyrirmyndina í IV. viðauka,
- er undirritað af opinberum dýralækni,
- er útbúið fermingardaginn á tungumáli eða tungumálum sendingaraðildarríkisins og á tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkisins,
- gildir í fimm daga,
- er ein pappírsörk,
- er að öllu jöfnu gert fyrir einn viðtakanda,
- er með stimpli í öðrum lit en vottorðið.

18. gr.

Viðtökuaðildarríkinu er heimilt í samræmi við almennu ákvæði sáttmálans að veita einu eða fleiri sendingaraðildarríkjum almenna heimild eða heimildir sem takmarkast við ákveðin tilvik til að flytja inn á þeirra yfirráðasvæði alifugla og útungunaregg án þess að þeim fylgi vottorðið sem kveðið er á um í 17. gr.

19. gr.

Ráðið skal, með auknum meirihluta og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja fyrir 1. júlí 1991 eftirlitsreglur til að ráða niðurlögum fuglainflúensu og Newcastle-veiki.

III. KAFLI

Reglur um innflutning frá þriðju löndum

20. gr.

Alifuglar og útungunaregg sem eru flutt inn til bandalagsins skulu uppfylla skilyrði 21. til 24. gr.

21. gr.

1. Alifuglar og útungunaregg skulu upprunnin frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem er að finna í skránni sem framkvæmdastjórnin gerir í samræmi við málsmeðferðina

í 32. gr. Heimilt er að bæta við eða breyta þeirri skrá í samræmi við málsmeðferðina í 33. gr.

2. Við ákvörðun á því hvort heimilt sé að setja þriðja land eða hluta þess í skrána sem um getur í 1. mgr. skal einkum taka mið af:

- a) heilbrigðisástandi alifuglanna, annarra húsdýra og villtu dýralífi í þriðja landi, með sérstöku tilliti til framandi dýrasjúkdóma og heilbrigðisástandi á aðliggjandi svæðum ef það kann að stofna heilbrigði almennings og dýra í aðildarríkjunum í hættu;
- b) hversu reglulega og hversu fljótt þriðja land lætur í té upplýsingar um tilvist smitsjúkdóma á yfirráðasvæði sínu, einkum um sjúkdóma sem eru í skrá A og B sem gerð er af alþjóðastofnuninni um smitsjúkdóma dýra;
- c) reglum þriðja lands um forvarnir og eftirlit með dýrasjúkdómum;
- d) uppbyggingu dýraheilbrigðisþjónustu í þriðja landinu og valdsviði hennar;
- e) skipulagi og framkvæmd ráðstafana til að koma í veg fyrir og hafa eftirlit með smitsjúkdómum í dýrum;
- f) þeim ábyrgðum sem þriðja land veitir með hliðsjón af reglum þessarar tilskipunar;
- g) því hvort farið sé að reglum bandalagsins um hormóna og efnaleifar.

3. Skráin sem um getur í 1. mgr. og allar breytingar á henni skulu birtar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

22. gr.

1. Alifuglar og útungunaregg skulu koma frá löndum sem eru laus við fuglainflúensu og Newcastle-veiki.

2. Almennar viðmiðanir til að flokka þriðju lönd með hliðsjón af sjúkdómum skal samþykkja í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. að ákveða að ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gildi aðeins um hluta yfirráðasvæðis í þriðja landi.

23. gr.

1. Innflutningur á alifuglum og útungunareggjum frá yfirráðasvæði þriðja lands eða hluta þess, sem er að finna í skránni gerðri í samræmi við 1. mgr. 21. gr., er aðeins heimilaður ef þau koma úr hópum sem:

a) fyrir sendingu hefur verið haldið á yfirráðasvæði eða hluta viðkomandi yfirráðasvæðis þessa lands samfleytt í þann tíma sem verður ákveðinn í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.;

b) uppfylla skilyrði um dýraheilbrigði í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. að því er varðar innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá landinu er um ræðir. Skilyrðin mega vera mismunandi eftir tegundum og flokkum alifugla.

2. Setja skal skilyrði um dýraheilbrigði á grundvelli regnanna í II. kafla og samsvarandi viðaukum hans. Í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr. er heimilt að veita einstaka undanþágur ef viðkomandi þriðja land býður fram sambærilegar og að minnsta kosti jafngildar dýraheilbrigðisábyrgðir.

24. gr.

1. Alifuglum og útungunareggjum fylgi vottorð sem er gefið út og undirritað af opinberum dýralækni í þriðja útlutningslandinu.

Vottorðið skal:

- a) gefið út þann dag sem sendingin er fermd til flutnings til viðtökuaðildarríkisins;
- b) gert á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkisins;
- c) fylgja sendingunni í frumriti;
- d) staðfesta að alifuglarnir eða útungunaregginn fullnægi kröfum þessarar tilskipunar og þeim sem samþykktar eru samkvæmt þessari tilskipun vegna innflutnings frá þriðju löndum;
- e) gilda í fimm daga;
- f) vera ein pappírsörk;
- g) gert fyrir einn viðtakanda;
- h) vera með stimpli í öðrum lit en vottorðið.

2. Vottorðið sem um getur í 1. mgr. verður að vera samkvæmt fyrirmynd sem er gerð í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.

25. gr.

Dýraheilbrigðissérfræðingar aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar skulu kanna með vettvangseftirliti hvort ákvæðum þessarar tilskipunar er fylgt í reynd.

Framkvæmdastjórnin skal tilnefna sérfræðinga aðildarríkjanna sem skulu annast þetta eftirlit, að fenginni tillögu aðildarríkjanna.

Eftirlit skal gert á ábyrgð og kostnað bandalagsins.

Hversu oft þetta eftirlit er framkvæmt og aðferðirnar við það skal ákvarðað í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.

26. gr.

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt í samræmi við málsmeðferðina í 33. gr. að ákveða að innflutningur frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sé takmarkaður við ákveðnar tegundir, útungunaregg, alifugla til ræktunar, framleiðslu eða slátrunar eða alifugla sem eru ætlaðir til sérstakra nota.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina í 33. gr. að beita dýraheilbrigðistakmörkunum, eins og þörf krefur, eftir innflutning.

27. gr.

1. Setja skal reglur og almennar grundvallarreglur vegna skoðunar í þriðja landi eða við skoðun á innfluttum alifuglum frá þriðja landi í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 89/662/EBE.

Þar til reglurnar hér að framan koma til framkvæmda gilda innlendar reglur áfram í samræmi við almenn ákvæði sáttmálans.

2. Óheimilt er að flytja alifugla og útungunaregg inn í bandalagið ef:

- vörusendingin kemur ekki frá yferráðsvaldi eða hluta yferráðsvaldis þriðja lands í skránni sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 21. gr.,
- vörusendingin er sýkt af smitsjúkdómum eða grunur leikur á að hún sé sýkt,
- þriðja landið sem flytur út hefur ekki farið að settum skilyrðum í þessari tilskipun,
- vottorðið sem fylgir dýrunum er ekki í samræmi við skilyrðin í 24. gr.,
- rannsókn leiðir í ljós að ekki hefur verið farið að reglum bandalagsins um hormóna og efnaleifar.

3. Með fyrirvara um sérstök skilyrði sem heimilt er að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina í 26. gr., er lögþæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu heimilt, af ástæðum er varða dýraheilbrigði, eða þegar ákveðið er að endursenda ekki alifugla sem innflutningsleyfi hefur ekki fengist fyrir samkvæmt 1. mgr., að tilnefna sláturhús þar sem tekið er á móti þessum alifuglum.

28. gr.

Við komu til viðtökuaðildarríkisins skal fara með sláturdýrin beint í sláturhús þar sem þeim er slátrað eins fljótt og unnt er.

Með fyrirvara um sérstök skilyrði sem heimilt er að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina í 33. gr. er lögþæru yfirvaldi í viðtökuaðildarríkinu heimilt, vegna ástæðna er varða dýraheilbrigði, að tilnefna sláturhús sem flytja á þessa alifugla í.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

29. gr.

1. Í viðskiptum innan bandalagsins gilda verndarráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun 89/662/EBE um alifugla og útungunaregg.

2. Við innflutning frá þriðju löndum gilda eftirfarandi verndarráðstafanir:

- a) Með fyrirvara um ákvæði 22. gr., komi upp smitandi alifuglasjúkdómur, sem kann að stofna heilsu alifugla í einu aðildarríkjana í hættu, í þriðja landi eða breiðist hann til þess eða ef ástæður er varða dýraheilbrigði réttlæta það skal viðkomandi aðildarríki banna innflutning á dýrategundum sem þessi tilskipun tekur til og koma beint eða óbeint gegnum annað aðildarríki eða frá þriðja landi eða hluta yferráðsvaldi þess.
- b) Öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni skal tafarlaust tilkynnt um ráðstafanir sem aðildarríki tekur á grundvelli þessarar greinar, ásamt niðurfellingu þeirra, og ástæður tilgreindar.

Fastanefndin um dýraheilbrigði skal koma saman eins fljótt og unnt er eftir slíka tilkynningu og ákveða í samræmi við 32. gr., hvort þurfi að breyta þessum ráðstöfunum, sérstaklega til þess að samræma þær ráðstöfunum, sem önnur aðildarríki gera, eða hvort fella skuli þær niður.

Komi þessar aðstæður upp og ef önnur aðildarríki verða einnig að beita þessum ráðstöfunum, hugsanlega breyttum í samræmi við undirgreinina hér að framan, skal samþykkja viðeigandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr.

- c) Heimila skal innflutning aftur frá viðkomandi þriðja landi samkvæmt sömu málsmeðferð.

30. gr.

1. Reglur um dýraheilbrigðiseftirlit sem settar eru í tilskipun 90/425/EBE gilda í viðskiptum innan bandalagsins með alifugla og útungunaregg.

2. Tilskipun 90/425/EBE er breytt sem hér segir:

a) Við I. hluta viðauka A bætist eftirfarandi tilvísun:

„Tilskipun ráðsins 90/539/EBE frá 15. október 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins og innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum

Stjtið. EB nr. L 303, 31.10. 1990, bls. 6.“

b) í viðauka B falli eftirfarandi undirliður niður:

„— lifandi alifuglar“,

„— egg til útungunar“.

31. gr.

Þar til ákvæðin sem samþykkt eru samkvæmt 20., 21. og 22. gr. öðlast gildi skulu aðildarríkin beita ákvæðum um innflutning á alifuglum og útungunareggjum frá þriðju löndum sem eru að minnsta kosti jafngild þeim sem af beitingu II. kafla leiðir.

32. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin engu álitinu ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan þriggja mánaða frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

33. gr.

1. Þegar fylgja skal málsmeðferð þeirri sem sett er fram í þessari grein ber formanni að vísa málinu án tafar til fastanefndarinnar um dýraheilbrigði, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu sínu á drögum innan tveggja daga. Álitinu skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni veða eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir ef þær eru í samræmi við álit nefndarinnar.

4. Séu fyrirhugaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin engu álitinu ber framkvæmdastjórninni án tafar að leggja tillögu fyrir ráðið um ráðstafanir sem gera skal. Ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta.

Hafi ráðið ekkert aðhafst innan 15 daga frá því að tillagan var lögð fyrir það skal framkvæmdastjórnin samþykkja fyrirhugaðar ráðstafanir nema ráðið hafi með einföldum meirihluta lýst sig andsnúið umræddum ráðstöfunum.

34. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina í 32. gr., kveða á um breytingar á viðaukunum, einkum til að laga þá að breytingum á greiningaraðferðum og efnahagslegum breytingum vegna umfangs tiltekinna sjúkdóma.

35. gr.

Endurskoða skal ákvæði þessarar tilskipunar, einkum 29. gr., fyrir 31. desember 1992 í ljósi tillagna er varða tilkomu hins innri markaðar.

36. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

37. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 15. október 1990.

Fyrir hönd ráðsins,

V. SACCOMANDI

forseti.

I. VIDAUKI

1. Innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir fuglainflúensu eru eftirfarandi:

Belgía	Institut National de recherches vétérinaires, Groeselenberg 99, B-1180 Bruxelles
Breska konungsríkið	Central Veterinary Laboratory, Weybridge, UK-Surrey
Danmörk	Institut for Fjerkræsygdomme, Den Kgl. Veterinær- og Landbohøjskole, DK-København
Frakkland	Laboratoire de Pathologie Aviaire, CNEVA, F-22440 Ploufragan
Grikkland	Institute of Infectious Parasitic Disease of Thessaloniki, GR-Thessaloniki
Holland	Centraal Diergeneeskundig Instituut, NL-Lelystad
Írland	Veterinary Research Laboratory, Abbotstown, Castleknock, IRL-County Dublin
Ítalía	Instituto Zooprofilattico Sperimentale delle Venezie Via G. ORUS 2, I-35100 Padova
Lúxemborg	Laboratoire Vétérinaire de l'Etat, 54 avenue Gaston Diderich, L-1420 Lúxemburg
Portúgal	Laboratorio Nacional de Investigação Veterinaria, PT-Lisboa
Sambandslýðveldið Þýskaland	Bundesforschungsanstalt für Landwirtschaft, Institut für Kleintiersucht, Dörnbergstraße 25/27 D-3100 Celle
Spánn	Laboratorio de Sanidad y Producción Animal, ES-Barcelona

2. Innlendar tilvísunarrannsóknarstofur fyrir fuglainflúensu sem eru taldar upp í 1. lið bera ábyrgð því að greiningaraðferðirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun séu samræmdar í aðildarríkjunum. Í því skyni:

- er þeim heimilt að sjá viðurkenndum rannsóknarstofum fyrir hvarfefnum sem þörf er á vegna greiningar;
- hafa þær eftirlit með gæðum allra hvarfefna sem viðurkenndar rannsóknarstofur nota;
- skipuleggja þær samanburðarpróf með reglulegu millibili.

II. VIÐAUKI

VIÐURKENNING Á STARFSSTÖÐVUM

I. KAFLI

Almennar reglur

1. Til að hljóta viðurkenningu lögbærs yfirvalds vegna viðskipta innan bandalagsins skulu starfsstöðvar:
 - a) uppfylla kröfurnar um húsakynni og starfsemi sem settar eru í II. kafla;
 - b) koma á og framfylgja áætlun um sjúkdómseftirlit sem viðurkennd er af lögbæru dýraheilbrigðisyfirvaldi, með hliðsjón af kröfunum í III. kafla;
 - c) auðvelda á allan hátt framkvæmd þeirrar starfsemi sem kveðið er á um í d-lið;
 - d) sæta eftirliti lögbærs dýraheilbrigðisyfirvalds innan ramma skipulegs dýraheilbrigðiseftirlits. Þetta eftirlit skal meðal annars taka til:
 - að minnsta kosti einnar eftirlitsvitjunar opinbers dýralæknis á ári, auk eftirlits til að ganga úr skugga um að hreinlætisráðstafanir og starfsemi starfsstöðvarinnar sé í samræmi við skilyrðin í II. kafla,
 - þeirra upplýsinga sem bóndi skráir og nauðsynlegar eru til þess að lögbært dýraheilbrigðisyfirvald geti haft samfellt eftirlit með heilbrigðisástandi starfsstöðvarinnar;
 - e) eingöngu vera með alifugla sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr.
2. Lögbært yfirvald úthlutar starfsstöðvum sem uppfylla ákvæðin í 1. lið löggildingarnúmer til auðkenningar og má það vera sama númerið og veitt er samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 2782/75.

II. KAFLI

Húsakynni og starfsemi

A. Hreinræktunar-, ræktunar- og eldisstöðvar

1. Húsakynni

- a) Staðsetning húsakynna og innréttingar skulu henta framleiðslunni og þannig gerðar að unnt sé að koma í veg fyrir að sjúkdómur berist inn eða komi sjúkdómur upp, ráða niðurlögum hans. Ef fleiri en ein alifuglategund er í starfsstöðinni skulu þær aðskildar.
- b) Í húsakynnum skal vera góð hreinlætisaðstaða og auðvelt að annast heilbrigðiseftirlit.
- c) Búnaður skal henta framleiðslunni og vera þannig gerður að unnt sé að þrifa og sótthreinsa húsakynni og ökutæki til flutninga á alifuglum og eggjum á sem hagkvæmasta hátt.

2. Eldi

- a) Eldisaðferðir skulu grundvallast svo sem frekast má á meginreglunni um „verndað eldi“ og „annaðhvort eða“ -meginreglunni. Milli vörusendinga skal þrifa og sótthreinsa.
- b) Í hreinræktunar-, ræktunar og eldisstöðvunum mega aðeins vera alifuglar:
 - frá starfsstöðinni sjálfri, og/eða
 - frá öðrum hreinræktunar-, ræktunar eða eldisstöðvum í bandalaginu sem eru viðurkenndar í samræmi við a-lið 6. gr., og/eða
 - sem eru fluttir inn frá þriðju löndum í samræmi við þessa tilskipun.

- c) Stjórn starfsstöðvarinnar semur hreinlætisreglur; starfsfólk skal klæðast viðeigandi vinnufatnaði og gestir hlífðarfatnaði.
- d) Byggingum, stíum og búnaði skal vel við haldið.
- e) Egg skulu tínd nokkrum sinnum á dag og þau hreinsuð og sótthreinsuð eins fljótt og hægt er.
- f) Bóndi skal láta tilnefndan dýralækni vita um allar breytingar sem verða á framleiðslunni eða önnur einkenni um hugsanlega smitandi alifuglasjúkdóm. Um leið og grunur vaknar um smitsjúkdóm skal tilnefndur dýralæknir senda nauðsynleg sýni, til greiningar eða staðfestingar á greiningu, til viðurkenndrar rannsóknarstofu.
- g) Fyrir hvern hóp skal halda dagbók, skrá eða gagnagrunn, sem skal haldið til haga í að minnsta kosti tvö ár eftir að flokknum hefur verið fargað, um:
 - komu og brottflutning,
 - framleiðsluhæfni,
 - sjúkleika og dauða, ásamt orsökum,
 - próf á rannsóknarstofu og niðurstöður þeirra,
 - upprunastað alifuglanna,
 - viðtökustað eggjanna.
- h) Komi upp smitandi alifuglasjúkdómur skal þegar í stað tilkynna tilnefndum dýralækni um niðurstöður þeirra prófa sem gerð eru á rannsóknarstofu.

B Klakstöðvar

1. Hú s a k y n n i

- a) Klakstöð skal bæði að því er búnað varðar og starfsemi aðskilin eldisstöðinni. Hún skal vera þannig innréttuð að unnt sé að halda eftirtalinni starfsemi aðskilinni:
 - geymslu og flokkun eggja,
 - sótthreinsun,
 - forklaki,
 - klaki,
 - undirbúningi og pökkun á vörum til sendingar.
- b) Verja skal byggingar gegn utanaðkomandi fuglum og nagdýrum; gólf og veggir skulu vera úr endingargóðu, vatnsþétu efni sem má þvo; dagsbirta eða gervilýsing, loft- og hitastillingarkerfi skal vera af réttri gerð; gera skal ráðstafanir til að fjarlægja úrgang (egg og kjúklinga) á hreinlegan hátt.
- c) Búnaður skal vera með sléttu, vatnsþétu yfirborði.

2. Starfs e m i

- a) Starfsemin skal byggjast upp á einstefnu-reglunni varðandi egg, færanlegan búnað og starfsfólk.
- b) Útungunaregg skulu vera:
 - frá hreinræktunar- eða ræktunarstöð innan bandalagsins sem er viðurkennd í samræmi við a-lið 6. gr.,
 - flutt inn frá þriðju löndum í samræmi við þessa tilskipun.
- c) Stjórn starfsstöðvarinnar semur hreinlætisreglur; starfsfólk skal klæðast viðeigandi vinnufatnaði og gestir hlífðarfatnaði.
- d) Byggingum, stíum og búnaði skal vel við haldið.
- e) Sótthreinsa skal:
 - eggin eftir komu og áður en þau eru sett í klak,
 - útungunarvélarnar reglulega,
 - klakvélarnar og búnað eftir hvert klak.
- f) Meta skal heilbrigðisástand klakstöðvarinnar á grundvelli áætlunar um gæðaeftirlit með örverufræðilegum aðferðum.

- g) Bóndi skal láta tilnefndan dýralækni vita um allar breytingar sem verða á framleiðslunni eða önnur einkenni um hugsanlega smitandi alifuglasjúkdóm. Um leið og grunur vaknar um smitsjúkdóm skal tilnefndur dýralæknir senda nauðsynleg sýni, til greiningar eða staðfestingar á greiningu, til viðurkenndrar rannsóknarstofu og láta lögbært heilbrigðisyfirvald vita en það tekur ákvörðun um viðeigandi aðgerðir.
- h) Fyrir hvern hóp skal halda dagbók, skrá eða gagnagrunn sem skal haldið til haga í að minnsta kosti tvö ár um:
- uppruna eggja og komudag þeirra,
 - útkomu klaks,
 - öll frábrigði,
 - próf á rannsóknarstofu og niðurstöður þeirra,
 - upplýsingar um bólusetningaráætlanir,
 - fjölda og viðtökustað útungunareggja sem ekki hafa klakist út,
 - viðtökustað dagsgamalla kjúklinga.
- i) Komi upp smitandi alifuglasjúkdómur skal þegar í stað tilkynna tilnefndum dýralækni um niðurstöður þeirra prófa sem gerð eru á rannsóknarstofu.

III. KAFLI

Áætlun um eftirlit með dýrasjúkdómum

Með fyrirvara um heilbrigðisráðstafanir og 13. og 14. gr. verður áætlun um eftirlit með dýrasjúkdómum að taka til eftirlits með sýkingum og tegundum sem taldar eru upp hér á eftir.

A. Sýkingar af völdum *Salmonella pullorum*, *Salmonella gallinarum* og *Salmonella arizonae*

1. Tegundir

- a) *S. pullorum et gallinarum*: hænsn, kalkúnar, perluhænsn, kornhænsn, akurhænsn, fashanar og endur.
- b) *S. arizonae*: kalkúnar.

2. Áætlun um eftirlit með dýrasjúkdómum

- a) Nota skal sermi- og/eða bakteríupróf til að greina sýkingu.
- b) Eftir því sem við á skal taka prófsýni úr blóði, annars flokks kjúklingum, dúni eða ryki frá klakstöðvum, hnoðrum úr veggjum klakstöðvar, hálm eða vatni úr drykkjarskál.
- c) Þegar blóðsýni eru tekin úr hópi til sermiprófunar vegna *S. pullorum* eða *S. arizonae*, skal fjöldi sýna sem á að taka miðast við útbreiðslu sýkingarinnar í viðkomandi landi og uppkomu hennar í starfsstöðinni á liðnum árum.
Skoða skal hóp á hverju varptímabili þegar varp stendur sem hæst til þess að greina sjúkdóminn.

B. Sýkingar af völdum *Mycoplasma gallisepticum* og *Mycoplasma meleagridis*

1. Tegundir

- a) *Mycoplasma gallisepticum*: hænsn og kalkúnar.
- b) *Mycoplasma meleagridis*: kalkúnar.

2. Áætlun um eftirlit með dýrasjúkdómum

- a) Nota skal sermi- og/eða bakteríupróf til að greina sýkingu og/eða til að kanna hvort áverkar finnist hjá dagsgömlum kjúklingum og kalkúnsungum af völdum loftsekkja.
- b) Eftir því sem við á skal taka prófsýni úr blóði, dagsgömlum kjúklingum og kalkúnsungum, sæði, eða hnoðrum úr barka, þarfagangi eða loftsekkjum.

- c) Próf til að greina *M. gallisepticum* eða *M. meleagridis* skulu gerð á dæmigerðum sýnum til að unnt sé að hafa samfellt eftirlit með sýkingunni við eldi og varp, þ.e. rétt fyrir varp og síðan þriðja hvern mánuð.
- C. Niðurstöður og ráðstafanir sem gerðar eru
Ef engin svörun verður telst prófið neikvætt. Annars telst hópurinn ef til vill sýktur og þá verður að beita þeim ráðstöfunum sem tilgreindar eru í IV. kafla á hann.
- D. Þegar um er að ræða bújarðir með tvær eða fleiri aðskildar framleiðslueiningar er lögbæru heilbrigðisyfirvaldi heimilt að undanþiggja þessum ráðstöfunum heilbrigðar framleiðslueiningar á sýktri bújörð, að því tilskildu að tilnefndur dýralæknir hafi staðfest að gerð og stærð þessara framleiðslueininga og sú starfsemi sem þar fer fram sé slík að framleiðslueiningarnar, með hliðsjón af húsnæði, dýrahaldi og fóðrun, séu vel aðskildar frá öðrum hlutum þannig að umræddur sjúkdómur geti ekki breiðst út frá einni framleiðslueiningu til annarrar.

IV. KAFLI

Viðmiðanir fyrir niðurfellingu eða afturköllun á viðurkenningu starfsstöðvar

- Fella skal niður viðurkenningu til starfsstöðvar:
 - þegar skilyrðin í II. kafla eru ekki lengur uppfyllt;
 - þar til lokið hefur verið við rannsókn vegna viðkomandi sjúkdóms:
 - ef grunur leikur á um fuglainflúensu eða Newcastle-veiki í starfsstöðinni,
 - ef starfsstöðin hefur fengið alifugla eða útungunaregg frá starfsstöð sem grunur leikur á að sé sýkt eða er í raun sýkt af fuglainflúensu eða Newcastle-veiki,
 - ef tengsl sem kunna að breiða út sýkingu eru milli starfsstöðvarinnar og staðar þar sem fuglainflúensa eða Newcastle-veiki kom upp;
 - þar til ný próf eru gerð, hafi niðurstöður eftirlits, sem fram fer í samræmi við skilyrðin í II. og III. kafla vegna sýkingar af völdum *S. pullorum*, *S. gallinarum*, *S. arizonae*, *M. gallisepticum* eða *M. meleagridis*, gefið tilefni til grunsemda um sýkingu;
 - þar til viðeigandi ráðstafanir hafa verið gerðar að kröfu opinbers dýralæknis, komi í ljós að starfsstöðin uppfylli ekki kröfurnar í a-, b- og c-lið 1. mgr. I. kafla.
- Afturkalla skal viðurkenningu:
 - ef fuglainflúensa eða Newcastle-veiki kemur upp í starfsstöðinni;
 - ef nýtt viðeigandi próf leiðir í ljós sýkingu af völdum *S. pullorum*, *S. gallinarum*, *S. arizonae*, *M. gallisepticum* eða *M. meleagridis*;
 - ef engar ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla kröfurnar í a-, b- og c-lið 1. mgr. I. kafla, eftir aðra viðvörun frá opinberum dýralækni.
- Skilyrði um endurheimt viðurkenningar:
 - ef viðurkenning hefur verið afturkölluð vegna uppkomu fuglainflúensu eða Newcastle-veiki, er heimilt að endurnýja hana þremur vikum eftir þrif og sóttþreinsun hafi heilbrigðisslátrun farið fram,
 - ef viðurkenning hefur verið afturkölluð vegna sýkingar af völdum:
 - Salmonella pullorum et gallinarum*, eða *Salmonella arizonae*, er heimilt að endurnýja hana eftir að neikvæðar niðurstöður hafa verið skráðar í tveimur prófum sem hafa verið gerð með að minnsta kosti 21 dags millibili á starfsstöðinni og eftir sóttþreinsun að lokinni heilbrigðisslátrun á sýkta hópnun;
 - *Mycoplasma gallisepticum* eða *Mycoplasma meleagridis* er heimilt að endurnýja hana eftir að neikvæðar niðurstöður hafa verið skráðar í tveimur prófum sem hafa verið gerð á öllum hópnun með að minnsta kosti 60 daga millibili.

*III. VIÐAUKI***SKILYRÐI FYRIR BÓLUSETNINGU ALIFUGLA**


Bóluefni notað við bólusetningu á alifuglum eða hópum til framleiðslu á útungunareggjum skal:


- vera í samræmi við kröfur lyfjaskrár Evrópu,
- framleitt, prófað og dreift undir opinberu eftirliti.


Framkvæmdastjórnin ákveður viðmiðanirnar fyrir venjubundnar bólusetningar gegn Newcastle-veiki innan ramma eftirlitsáætlananna.

*IV. VIÐAUKI***HEILBRIGÐISVOTTORÐ VEGNA VIÐSKIPTA INNAN BANDALAGSINS**

(Fyrirmyndir 1 til 6)

1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):		HEILBRIGÐISVOTTORÐ	
		Nr.	FRUMRIT
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang):		2. Upprunaaðildarríki:	
— fyrsti:			
— síðasti:		4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu útungunareggja skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.		5. LÖGBÆRT STAÐARYFIRVALD:	
7. Fermingarstaður:		6. Heimilisfang klakstöðvarinnar:	
8. Flutningatæki:			
9. Viðtökuaðildarríki: Lokaviðtökustaður:		10. Löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar:	
11. Alifuglategundir:			
12. Til framleiðslu á:			
13. Auðkenning sendingarinnar:			
a) Fjöldi eggja:	b) Söfnunardagur:	c) Auðkenning upprunahópsins:	d) Vörumerki:
14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að:			
a) eggin hér að framan uppfylla ákvæði 6., 7. og 15. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE;			
b) (ákvæði viðbótarvottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)			
Gjört í, hinn			
	 undirskrift	
	 nafn með hástöfum	
	 staða	


1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):		HEILBRIGÐISVOTTORÐ	
		Nr.	FRUMRIT
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang):		2. Upprunaaðildarríki:	
— fyrsti:		4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
— síðasti:		5. LÖGBÆRT STAÐARYFIRVALD:	
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu dagsgamalla kjúklinga skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.		6. Heimilisfang útungunarstöðvarinnar:	
7. Fermingarstaður:		10. Löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar:	
8. Flutningatæki:			
9. Viðtökuaðildarríki: Lokaviðtökustaður:			
11. Alifuglategundir:			
12. Til framleiðslu á:			
13. Auðkenning sendingarinnar:			
a) Fjöldi kjúklinga:	b) Útungunardagur:	c) Auðkenning upprunastarfsstöðvarinnar:	d) Flokkur/tegund:
14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að:			
a) dagsgömlu kjúklingarnir hér að framan uppfylla ákvæði 6., 8. og 15. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE;			
b) (ákvæði viðbótarvottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)			
Gjört í, hinn			
	 undirskrift	
	 nafn með hástöfum	
	 staða	


1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):	HEILBRIGÐISVOTTORÐ	
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang): — fyrsti: — síðasti:	Nr.	FRUMRIT
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu alifugla skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.	2. Upprunaaðildarríki:	
7. Fermingarstaður:	4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
8. Flutningatæki:	5. LÖGBÆRT STAÐARYFIRVALD:	
9. Viðtökuaðildarríki: Lokaviðtökustaður:	6. Heimilisfang upprunastarfsstöðvarinnar:	
10. Löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar:		
11. Alifuglategundir:		
12. Til framleiðslu á:		
13. Auðkenning sendingarinnar:		
a) Fjöldi alifugla:	b) Auðkenning upprunahópsins:	c) Flokkur/tegund:
<p>14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að:</p> <p>a) fuglarnir hér að framan uppfylla ákvæði 6., 9. og 15. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE;</p> <p>b) (ákvæði viðbótarvottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)</p> <p>Gjört í, hinn</p> <div style="display: flex; justify-content: space-between; align-items: flex-end; margin-top: 20px;"> <div style="text-align: center;">  <p>Stimpill</p> </div> <div style="text-align: right;"> <p>..... undirskrift</p> <p>..... nafn með hástöfum</p> <p>..... staða</p> </div> </div>		


FYRIRMYND 4

EVRÓPUBANDALAGIÐ

ALIFUGLAR OG ÚTUNGUNAREGG Í EININGUM SEM Í ERU FÆRRI EN 20 STYKKI

1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):	HEILBRIGÐISVOTTORÐ	
	Nr.	FRUMRIT
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang): — fyrsti: — síðasti:	2. Upprunaaðildarríki:	
	4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu alifugla og útungunareggja skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.	5. LÖGBÆRT STAÐARYFIRVALD:	
7. Fermingarstaður:	6. Heimilisfang upprunastarfsstöðvarinnar eða -bújarðar:	
8. Flutningatæki:		
9. Viðtökuaðildarríki: Lokaviðtökustaður:	10. Löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar (ef við á):	
11. Alifuglategundir:		
12. Til framleiðslu á:		
13. Auðkenning sendingarinnar:		
a) Fjöldi alifugla eða eggja:	b) Auðkenning upprunahópsins:	c) Flokkur/tegund:
14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að: a) fuglarnir eða útungunaregginn hér að framan uppfylla ákvæði 11. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE; b) (ákvæði viðbótavottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)		
Gjört í, hinn		
 undirskrift	
 nafn með hástöfum	
 staða	

1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):	HEILBRIGÐISVOTTORÐ Nr. FRUMRIT	
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang): — fyrsti: — síðasti:	2. Upprunaaðildarríki:	
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu alifugla skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.	4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
7. Fermingarstaður:	6. Heimilisfang upprunastarfsstöðvarinnar eða -bújarðarinnar:	
8. Flutningatæki:		
9. Sláturhús og viðtökuaðildarríki:	10. Löggildingarnúmer starfsstöðvarinnar (ef við á):	
11. Alifuglategundir:		
12. Til framleiðslu á:		
13. Auðkenning sendingarinnar:		
a) Fjöldi alifugla:	b) Áætlaður aldur fuglanna:	
<p>14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að:</p> <p>a) fuglarnir hér að framan uppfylla ákvæði 10. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE;</p> <p>b) (ákvæði viðbótarvottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)</p> <p>Gjört í, hinn</p> <div style="display: flex; justify-content: space-between; align-items: flex-end; margin-top: 20px;"> <div style="text-align: center;">  <p>Stimpill</p> </div> <div style="text-align: right;"> <p>..... undirskrift</p> <p>..... nafn með hástöfum</p> <p>..... staða</p> </div> </div>		

1. Sendandi (fullt nafn og heimilisfang):		HEILBRIGÐISVOTTORÐ	
		Nr.	FRUMRIT
3. Viðtakandi (fullt nafn og heimilisfang):		2. Upprunaaðildarríki:	
— fyrsti:			
— síðasti:		4. LÖGBÆRT YFIRVALD:	
ATHUGASEMDIR: a) Hverri sendingu alifugla skal fylgja sérstakt vottorð. b) Frumritið af vottorðinu skal fylgja sendingunni til lokaviðtökustaðar.		5. LÖGBÆRT STAÐARYFIRVALD:	
7. Fermingarstaður:		6. Heimilisfang upprunastarfsstöðvarinnar eða -bújarðarinnar:	
8. Flutningatæki:			
9. Viðtökuaðildarríki: Lokaviðtökustaður:		10. Löggildingarnúmer upprunastarfsstöðvarinnar (ef við á):	
11. Alifuglategundir:			
12. Til framleiðslu á:			
13. Auðkenning sendingarinnar:			
a) Fjöldi alifugla:	b) Auðkenning upprunahópsins:	c) Áætlaður aldur fuglanna:	
14. Ég, undirritaður opinber dýralæknir, staðfesti að:			
a) fuglarnir hér að framan uppfylla ákvæði 6., 9. og 15. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE;			
b) (ákvæði viðbótarvottorða að því er varðar 12., 13. og 14. gr. tilskipunar ráðsins 90/539/EBE)			
Gjört í, hinn			
	 undirskrift	
	 nafn með hástöfum	
	 staða	

V. VIÐAUKI

TILKYNNINGARSKYLDIR SJÚKDÓMAR

- Fuglainflúensa
 - Newcastle-veiki
-